

# ENDANLEGIR SKILMÁLAR

21. febrúar 2025

KALDALÓN HF.

LEI kóði 254900A1SVOQEMA2WP49

Útgáfa á 1.800.000.000 verðtrygðum grænum skuldabréfum með óreglulegu endurgreiðsluferli og föstum vöxtum í samræmi við ISK 30.000.000.000 Útgáfuramma

## Hluti a – samningsskilmálar

Skjal þetta inniheldur endanlega skilmála skuldaskjala sem lýst er hér, samræmi við 2. tl. 8. gr. reglugerð (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 og eru endanlegir skilmálar samdir í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar og framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 frá 14. mars 2019. Lesa skal endanlegu skilmálana í samhengi við grunnlýsinguna og viðauka sem kunna að hafa verið gerðir við hana, sem saman mynda grunnlýsingu í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1129 sem innleidd var með lögum um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020. Hugtök sem hér eru notuð skal túlka eins og þau sem skilgreind eru í skilmálum skuldaskjalanna og fram koma í grunnlýsingu dagsettri 24. júlí 2024 og viðaukum sem kunna að hafa verið gefnir út við hana. Heildstæðar upplýsingar um útgefandann og útgáfu skuldaskjalanna fást ekki nema með því að lesa saman grunnlýsinguna, viðauka sem kunna að hafa verið gerðir við hana og þessa endanlegu skilmála. Grunnlýsingin og viðaukar sem kunna að hafa verið gerðir við hana eru birtir á vefsíðu útgefanda <https://kaldalon.is/fjarfestar/>

- Útgefandi:** Kaldalón hf.
- Flokkur númer: 7
  - Útgáfuhluti númer: 2
- Mynt:** ISK
- Uppsafnað nafnverð:**
  - Flokkur: 5.800.000.000
  - Útgáfuhluti: 1.800.000.000
- Útgáfuverð:** 98,9237% af heildarnafnverði
- Nafnverðseiningar:** 20.000.000
-

- i. Útgáfudagur: 4. nóvember 2024
- ii. Fyrsti vaxtadagur: Útgáfudagur
8. Lokagjalddagi: 4. nóvember 2039
9. Tegund vaxta: 3,75 % fastir vextir  
(Nánari upplýsingar eru veittar í tölulið 19)
10. Greiðslufyrirkomulag: Óreglulegt endurgreiðsluferli  
*(Ef um "Óreglulegt endurgreiðsluferli" er að ræða skal tilgreina nánar í lið 18.xi)*
11. Uppgreiðsluheimild/umframgreiðsla að vali útgefanda (kaupréttur útgefanda): Á ekki við
12. Forgangsröðun skuldaskjala: Veðtryggð skuldaskjöl með veði samkvæmt almennu tryggingafyrirkomulagi  
(Nánari upplýsingar eru veittar í tölulið 23. i. )
13. Heimild fyrir útgáfunni: Stjórn útgefanda veitti heimild fyrir útgáfurammanum á fundi sínum:  
21. október 2024
14. Greiðsluaðili: Útgefandi er greiðsluaðili vegna skuldaskjalanna.
15. Verðbréfamiðstöð: Skuldaskjölin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.

#### ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM JAFNGREIÐSLUBRÉF (ANNUITY)

16. Jafngreiðslubréf: Á ekki við

#### ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM SKULDABRÉF MEÐ JÖFNUM AFBORGUNUM HÖFUÐSTÓLS, ÞAR Á MEÐAL SKULDABRÉF MEÐ EINNI GREIÐSLU HÖFUÐSTÓLS Á LOKAGJALDDAGA

17. Skuldabréf með jöfnum afborgunum höfuðstóls: Á ekki við

#### ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM SKULDABRÉF MEÐ ÓREGLULEGU ENDURGREIÐSLUFERLI

18. Skuldabréf með óreglulegu endurgreiðsluferli: Á við
- i. Vextir til lokagjalddaga: 3,75 % á ári. Vextir greiðast á 6 mánaða fresti

ii.	Fjöldi vaxtagjalddaga:	30
iii.	Fjöldi vaxtagjalddaga til útreiknings á endurgreiðsluferli:	60
iv.	Vaxtagjalddagar:	4 dagur í mánuðunum maí og nóvember á hverju ári til og með lokagjalddaga. Fyrsti vaxtagjalddagi er 4. maí 2025.
v.	Fjöldi gjalddaga höfuðstóls:	30
vi.	Fjöldi gjalddaga höfuðstóls til útreiknings á endurgreiðsluferli:	60
vii.	Gjalddagar höfuðstóls(s):	Á hverjum vaxtagjalddaga
viii.	Dagaregla:	30E/360
ix.	Verðtryggt:	Á við
x.	Grunnvísitala:	merkir 632,48 sem er gildi vísitölu neysluverðs (VNV) þann 4.11.2024.
xi.	Aðrir skilmálar sem gilda um endurgreiðsluferli skuldabréfa með óreglulegu endurgreiðsluferli:	Endurgreiðsluferli fylgir ekki líftíma. Skuldabréf þetta ber að greiða að fullu á næstu 15 árum með 30-þrjátíu greiðslum á 6 mánaða fresti, þannig að á fyrstu 29 gjalddögum er greitt eins og um sé að ræða verðtryggt jafngreiðslubríf- jafnar greiðslur afborgana og vaxta og verðbóta (e. Annuity) til 30 ára með 60 greiðslum á 6-sex mánaða fresti og á lokagjalddaga þann 4.11.2039 greiðast eftirstöðvar höfuðstóls, áfallnir vextir og verðbætur.

## ÁKVÆÐI SEM GILDA UM VAXTAGREIÐSLUR (EF EINHVERJAR ERU)

<b>19.</b>	<b>Fastir vextir:</b>	Á við
i.	Vextir til gjalddaga:	3,75 % á ári. Vextir greiðast á sex mánaða fresti
ii.	Vaxtagjalddagar:	4 dagur í mánuðunum maí og nóvember á hverju ári til og með lokagjalddaga. Fyrsti vaxtagjalddagi er 4. maí 2024.
iii.	Dagaregla:	30E/360

- iv. Aðrir skilmálar sem gilda um vaxtaútreikning skuldabréfa með fasta vexti:

Endurgreiðsluferli fylgir ekki líftíma. Skuldabréf þetta ber að greiða að fullu á næstu 15 árum með 30-þrjátíu greiðslum á 6 mánaða fresti, þannig að á fyrstu 29 gjalddögum er greitt eins og um sé að ræða veðtryggt jafngreiðslubríf-jafnar greiðslur afborgana og vaxta og veðbóta (e. Annuity) til 30 ára með 60 greiðslum á 6-sex mánaða fresti og á lokagjalddaga þann 4.11.2039 greiðast eftirstöðvar höfuðstóls, áfallnir vextir og veðbætur.

20. **Breytilegir vextir:** Á ekki við

21. **Víxlar:** Á ekki við

#### **ÁKVÆÐI VARÐANDI UPPGREIÐSLU/UMFRAMGREIÐSLU AÐ VALI ÚTGEFANDA (KAUPRÉTT ÚTGEFANDA)**

22. **Uppgreiðsla/umframgreiðsla heimil að vali útgefanda (kaupréttur útgefanda):** Á ekki við

#### **ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM TRYGGINGAR**

23. **Veðtryggð skuldaskjöl:** Á við

i. Skuldaskjöl eru veðtryggð samkvæmt almenna tryggingafyrirkomulaginu: Ákvæði skilmála 16 (Almenna tryggingafyrirkomulagið) gilda um skuldaskjölin

ii. Skuldaskjöl eru veðtryggð samkvæmt sértæku tryggingafyrirkomulagi: Á ekki við

iii. Veðgæsluaðili: Lex, kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík hefur verið skipaður veðgæsluaðili vegna skuldaskjalanna.

24. **Óveðtryggð skuldaskjöl:** Á ekki við

#### **ALMENN ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ SKULDASKJÖL**

25. **Upplýsingakvaðir:** Á við

- i. Upplýsingakvaðir gagnvart umboðsmanni kröfuhafa: Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda umboðsmanni kröfuhafa afrit þeirra skjala sem tilgreind eru í eftirfarandi staflaðum skilmála 9.1 (Upplýsingakvaðir gagnvart umboðsmanni kröfuhafa) uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd: a), b), c) og d).
- ii. Upplýsingakvaðir gagnvart staðfestingaraðila: Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda staðfestingaraðila þær skýrslur sem tilgreindar eru í eftirfarandi staflaðum skilmála 9.2 (Upplýsingakvaðir gagnvart staðfestingaraðila) uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd: i), ii), og iii).
- 26. Almennar kvaðir:** Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim kvöðum sem tilgreindar eru í eftirfarandi staflaðum skilmála 10 (Almennar kvaðir) uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd: a), b), c), d), e), f), g), h).
- 27. Fjárhagsleg skilyrði:** Á við
- i. Lánaþekja: Á hverjum prófunardegi skal lánaþekja vera í samræmi við það sem fram kemur í skilmála 16.1 ef skuldaskjölin eru tryggð með veði samkvæmt Almenna tryggingafyrirkomulaginu
- ii. Vaxtaþekja: Á hverjum prófunardegi skal vaxtaþekja vera í samræmi við það sem fram kemur í skilmála 16.1 ef skuldaskjölin eru tryggð með veði samkvæmt Almenna tryggingafyrirkomulaginu
- iii. Eiginfjárlutfall: Eiginfjárlutfall útgefanda skal vera að lágmarki það hlutfall sem fram kemur í skilmála 16.1 ef skuldaskjölin eru tryggð með veði samkvæmt Almenna tryggingafyrirkomulaginu
- iv. Prófunardagar lánaþekju: Prófunardagar á lánaþekju eru: 30. júní og 31. desember á hverju ári, þar sem fyrsti prófunardagur er 31. desember 2024
- v. Prófunardagar vaxtaþekju: Prófunardagar á vaxtaþekju eru: 30. júní og 31. desember á hverju ári, þar sem fyrsti prófunardagur er 31. desember 2024
- vi. Prófunardagar eiginfjárlutfall: Prófunardagar á eiginfjárlutfall eru: 30. júní og 31. desember á hverju ári, þar sem fyrsti prófunardagur er 31. desember 2024

- 30 Sérstök skilyrði:** Á við
- i. Staðsetning veðsettra fasteigna Á hverjum prófunardegi skal staðsetning veðsettra fasteigna vera í samræmi við það sem fram kemur í skilmála 16.1 ef skuldaskjölín eru tryggð með veði samkvæmt Almenna tryggingafyrirkomulaginu
- ii. Prófunardagur Prófunardagar sérstakra kvaða eru: 30. júní og 31. desember á hverju ári þar sem fyrsti prófunardagur er 31. desember 2024
- 31. Vanefndartilvik:** Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim vanefndartilvikum sem tilgreind eru í eftirfarandi staflíðum skilmála 14 (Vanefndartilvik): a), b), c), d), e), f), g), h), i), j), k), og l). Frestur til töku til viðskipta skv. staflíð k) skal vera 31. desember 2024
- 32. Gjaldfelling:** Ef ekki er bætt úr vanefnd innan 15 viðskiptadaga ef um greiðsludrátt er að ræða, og innan 35 viðskiptadaga í öðrum tilvikum er kröfuhafa heimilt að óska eftir að umboðsmaður boði til kröfuhafafundar til að ákveða hvort gjaldfella eigi skuldaskjölín
- 33. Umboðsmaður kröfuhafa:** Lex, kt. 570297-2289, Borgartúni 26, 105 Reykjavík hefur verið skipaður umboðsmaður kröfuhafa vegna skuldaskjalanna, samningar útgefanda við umboðsmann kröfuhafa eru aðgengilegir á vefsetri útgefanda: <https://kaldalon.is/fjarfestar/>
- 34. Staðfestingaraðili:** KPMG ehf., kt. 490617-1320, Ingólfsstræti 3, 101 Reykjavík hefur verið skipaður staðfestingaraðili vegna skuldaskjalanna
- 35. Aðrir endanlegir skilmálar:** Í samræmi við skilmála 11. Ef lögboðið stjórnvald á Íslandi lýsir yfir neyðarástandi vegna óviðráðanlegra atvika (force majeure) s.s. náttúruhamförum, styrjöld, hryðjuverkum, farsótt, lokun landamæra eða annarra atburða sem gera leigutökum ómögulegt að efna skuldbindingar sínar gagnvart félaginu, með þeim afleiðingum að félagið hefur ekki getu til að uppfylla fjárhagsleg skilyrði, getur útgefandi frestað einum prófunardegi fjárhagslegra og sérstakra skilyrða á líftíma skuldabréfa, án samþykkis kröfuhafa. Ákveði útgefandi að nýta sér þessa heimild skuli hann upplýsa kröfuhafa um slíkt með tilkynningu þess efnis

36. **Útreikningsaðili:** Útgefandi er útreikningsaðili skuldaskjalanna
37. **Ráðgjafi í tengslum við útgáfu:** ACRO verðbréf hf. er umsjónaraðili töku til viðskipta

### ÁBYRGÐ

Útgefandi ber ábyrgð á upplýsingum sem þessir endanlegu skilmálar innihalda. Upplýsingar um gildi vísitölu neysluverðs til verðtryggingar er reiknuð út og birt af Hagstofu Íslands, eru fengnar frá Hagstofu Íslands, kt. 590169-0809, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík, Íslandi: [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur\\_visitolur\\_1\\_vnv\\_1\\_vnv/VIS01002.px/](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur_visitolur_1_vnv_1_vnv/VIS01002.px/)

Útgefandi staðfestir að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðili hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.

Undirritað fyrir hönd útgefanda:

Af: .....

*Samkvæmt heimild*

## Hluti B – Aðrar upplýsingar

### 1. SKRÁNING

- |   |  |
|---|--|
| i. Skráning:  | Nasdaq Iceland   |
| ii. Taka til viðskipta:   | Sótt verður um að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á Sustainable Bond markaði Nasdaq Iceland hf.                         |
| iii. Aðili sem sækir um töku til viðskipta ef annar en útgefandi: | ACRO verðbréf hf., kt. 451294-2029, 5493001N50AD7VN22814, Skólavörðustíg 25, 101 Reykjavík, mun óska eftir töku til viðskipta. |
| iv. Fyrsti mögulegi viðskiptadagur:                               | Ekki vitað við dagsetningu endanlegra skilmála þessa   |

### 2. LÁNSHÆFISMAT

Á ekki við

#### 2(a). GRÆN SKULDASKJÖL

Á við

Umgjörð um græna fjármögnun, dags.12. ágúst 2024, gildir um skuldaskjöl

- |   |            |
|---|------------|
| i. Aðrir skilmálar sem gilda um græn skuldaskjöl: | Á ekki við |
|---|------------|

### 3. HAGSMUNIR AÐILA Í TENGLUM VIÐ ÚTGÁFUNA

Að undanskilinni þóknun greiddri til söluaðila, er útgefanda ekki kunnugt um að aðilar sem tengjast útgáfu skuldabréfanna eigi hagsmuni sem skipta máli varðandi útgáfu þeirra.

### 4. RÁÐSTÖFUN SÖLUANDVIRÐIS, ÁÆTLAÐ NETTÓ SÖLUANDVIRÐI OG HEILDAR-KOSTNAÐUR

- |                                 |   |
|---------------------------------|---|
| i. Ráðstöfun söluandvirðis:     | Í samræmi við umgjörð um græna fjármögnun |
| ii. Áætlað nettó söluandvirði:  | 1,81 m.kr.                                |
| iii. Áætlaður heildarkostnaður: | 4,5 m.kr.                                 |

### 5. ÁVÖXTUN

Vísbending um ávöxtun: 3,90%

Ath. ávöxtun er reiknuð út á útgáfudegi á grunni útgáfuverðs og gefur ekki til kynna framtíðarávöxtun.

### 6. VAXTAPRÓUN (Eingöngu skuldaskjöl með breytilegum vöxtum)

Á ekki við



**7. VÍSITÖLUPRÓUN** (*Eingöngu verðtryggð skuldaskjöl*)

[https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur\\_\\_visitolur\\_\\_1\\_vnv\\_\\_1\\_vnv/VIS01002.px/](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur__visitolur__1_vnv__1_vnv/VIS01002.px/)

**8. AUÐKENNI**

- |                 |                            |
|-----------------|----------------------------|
| i. Auðkenni:    | KALD041139 GB              |
| ii. ISIN númer: | IS0000036879               |
| iii. CFI númer: | DBFUFR                     |
| iv. FISN númer: | KALDALON/3.75. BD 20391104 |

**9. TILKYNNING UM VIÐKOMANDI GRUNNLÝSINGU**

Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur verið um viðkomandi grunnlýsingu: Ísland

**10. HÆFI HJÁ SEÐLABANKA EVRÓPU**

Skuldaskjal er ætlað að vera haldið á með þeim hætti sem leyfir Eurosystem hæfi (e. Eurosystem eligibility): Nei

